

SKÝRSLA UM SKIPULAG GOLFVALLAR GOLFKLÚBBURINN KEILIR

NÓVEMBER 2013



MACKENZIE & EBERT

INTERNATIONAL GOLF COURSE ARCHITECTS



SKÝRSLA UM SKIPULAG GOLFVALLAR GOLFKLÚBBURINN KEILIR

YFIRLIT UM MACKENZIE & EBERT

Golfklúbburinn Keilir hefur tilnefnt Mackenzie & Ebert Ltd. til að yfirfara núverandi áætlanir um endurskipulagningu golfvallarins, sem næsta áfanga í þróun hans eftir að Hraunið var opnað 1997. Hlutverk Mackenzie & Ebert er að endurskoða núverandi áætlanir, gefa álit sitt á þeim og koma með tillögur um aðrar mögulegar lausnir, eftir því sem þörf er talin á.

MARKMIÐ UM ÞRÓUN GOLFVALLARINS

Mjög mikilvægt er að allir séu sammála um markmiðin sem liggja eiga að baki þróun golfvallarins. Auðvelt er að tapa áttum um almenn markmið verkefnisins þegar kemur að útfærslu einstakra þátta. Því er vert að setja niður á blað hver meginmarkmiðin eru, öll verkefni af þessu tagi þurfa að stýrast af markmiðunum.

Eftir viðræður við Ólaf Þór Ágústsson hafa eftirfarandi markmið verið lögð til grundvallar:

1. Að gera golfvöllinn þann besta á Íslandi.
2. Að koma vellinum í röð 100 bestu golfvalla í Evrópu og gera hann færan um að taka við fleiri evrópskum áhugamannamótum og evrópskum sveitakeppnum.
3. Að gefa Hvaleyrinni sterk einkenni strandvallar, til mótvægis við Hraunið.
4. Að tryggja að völlurinn verði ekki of erfiður fyrir hinn almenna kylfing.
5. Að lengja völlinn, þótt engin tiltekin markmið hafi verið sett um það.
6. Að nýta sem best það land sem er til staðar.
7. Að gefa Sveinskotsvelli meira rými.
8. Að áfangaskipta verkefninu þannig að sem minnst röskun verði á leik félagsmanna.

HEIMSÓKN

Tom Mackenzie frá Mackenzie & Ebert heimsótti Keili 15. - 16. október 2013. Hann fundaði með Ólafi Þór Ágústssyni, Bjarna Hannessyni og Sveini Steindórssyni. Þeir upplýstu Tom og gengu með honum um völlinn. Sömuleiðis fylgdu þeir honum þegar fyrstu hugmyndir að hönnun voru yfirfarnar.



HUGHRIF

Ein mesta ánægjan í golfi er að uppgötva nýja hluti sem hafa eitthvað sérstakt við sig. Keilir hefur vissulega töfrana og möguleikarnir eru mjög miklir. Völlurinn er yndislegur staður til að leika golf, eins og kylfingar á Íslandi og margir erlendir kylfingar vita nú þegar.

Markmiðin fyrir þróun vallarins eru skynsamleg og þeim er hægt að ná. Möguleikarnir eru mjög miklir og lykilatriðið er að nýta þá sem best, því klúbburinn kann að hafa einungis þetta eina tækifæri til að ná þeim markmiðum. Auðvelt er að búa til stórkostlegar golfholur því möguleikarnir eru svo miklir. Áskorunin, og lykillinn að árangri, er að tryggja að þær holur sem eru lakari séu nógu góðar og að þær dragi ekki úr upplifun kylfinga. Það yrði sorglegt ef fólk segði „Það eru nokkrar frábærar holur, en ...“. Nú er tækifærið til að gera allt sem hægt er til að forðast slíkt.

Hraunið er áhugavert og fjölbreytt með mörgum sterkum og minnisverðum holum. Það er fróðlegt að Hraunið skuli spilast auðveldara en Hvaleyrin, m.t.t. þess að hraun er á báðar hliðar, en það segir okkur líka að leikleiðir eru nógu víðar til að hægt sé að spila af skynsemi. Þessar níu holur eru mjög góð viðbót fyrir íslenskt golf.

Landslag á Hvaleyrinni er gjörólíkt og jafnvel innan Hvaleyrarinnar er landslagið allt frá því að vera stórkostlegt yfir í að skorta raunveruleg einkenni. Holurnar á lakari svæðunum eru því ekki áhugaverðar. Styrking Hvaleyrarinnar með grjótvörnninni gefur klúbbum mikil tækifæri. Grjótvörnin er ekki sérstaklega aðlaðandi, en tilkoma hennar þýðir á hinn bóginn að strandlengjan er orðin stöðug og hægt er að gera nýjar holur með ströndinni án hættu á að þær hverfi á örstuttum tíma.

Núverandi áætlanir eru ágætar, en nýta strandlengjuna ekki til fulls. Þær virðast bera með sér að vera málamiðlun þar sem of mikil áhersla er lögð á Sveinskotsvöll, þótt Hvaleyrarvöllurinn sé mikilvægasti þátturinn fyrir klúbbinn.

HÖNNUNARAUÐKENNI FYRIR KEPPNISGOLF



Á keppnisvöllum þarf að skipuleggja svæði fyrir áhorfendur til að fylgjast með og komast um völinn.



Keppnisgolf snýst ekki um áhorfendasvæði heldur að mynda umgjörð fyrir stórkostlegt golf.

Bestu keppnisvellirnir hafa spennandi og minnisverðar lokaholur þar sem miklar sveiflur geta orðið á skori.



Fáir gömlu sögufrægu strandvallanna hafa frábæra 18. holu og nýta betri landssvæðin fyrr í hringnum.



HÖNNUNARAUÐKENNI FYRIR KEPPNISGOLF

Upphaflega voru frábæru strandvellirnir í heiminum hannaðir fyrir holukeppni, þar sem högggleikur kom síðar til sögunnar. Þetta er líkleg skýring þess að svo margir gömlu strandvallanna nýta betri landssvæðin fyrr í golfhringnum og að fáir þeirra hafa góðar lokaholur. Listinn yfir gamla strandvelli með frábærum lokaholum er mjög stuttur og augljóslega var ekki litið á slíkt sem forgangsatriði, því svo fáar viðureignir náðu á 18. flöt.

Högggleikurinn breytti þessu öllu - og enn frekar þegar farið var að sýna golfmót í sjónvarpi. Um leið breyttist nálgun golfvallahönnuða til skipulags vallanna. Metnaður Keilis stendur réttilega til þess að halda þeirri stöðu að geta boðið völinn fram til Evrópu- og Íslandsmóta. Íslandsmót eru sýnd í sjónvarpi svo það er enn mikilvægara að endurskoða Hvaleyrina þannig að síðari hluti vallarins verði sem bestur.

Tilkoma högggleiks, sérstaklega þegar um sjónvarpsútsendingar er að ræða, hefur einnig áhrif á hvernig kylfingar hugsa og nú óska þeir eftir eins mikilli spennu og möguleg er undir lok hringa. Dramatík þarf að fela í sér fjölbreytni og ef aðstæður leyfa er mjög eftirsóknarvert að hafa þar 3, þar 4 og þar 5 holur í lokin. Mikilvægara er þó að lokaholurnar bjóði upp á miklar sveiflur, með möguleikum á fuglum og örnun, samhliða hættu á stórslysum fyrir þá sem reyna að verja gott skor eða þá sem taka áhættu sem ekki gengur upp. Þetta er lykillinn að spennandi hápunktum í golfkeppnum, hvort heldur er í alþjóðamótum eða innanfélagsmótum.

Með réttu eða röngu hafa möguleikar valla til að halda stórmót mikil áhrif á virðingu vallanna og þar með á gæðaflokkun þeirra. Þetta kann að skipta litlu máli fyrir almenna félaga, en er mikilvægt fyrir rekstur og árangur klúbbsins. Ferðamenn nota gæðaflokkun til að staðfesta tilfinningu sína um að þeir hafi valið réttan völl fyrir golfleik.

STAÐSETNING GOLFSKÁLANS OG KEPPNISGOLF



Æfingasvæðið er mjög gott, en er þó ekki alveg nógu langt þar sem boltar vilja hafna á 10. flötinni.



Núverandi 18. hola hefur einkennaríka flöt, en upphaf holunnar er ekki gott þar sem alla afmörkun vantar. Mjög góðar lokaholur þurfa að hafa styrkleika frá teig til flatar.

UMRÆÐAN UM LOKAHOLUNA

Golfskálinn er mjög vel staðsettur með frábært útsýni yfir báða hluta vallarins og til sjávar, auk góðrar aðkomu frá götu og til æfingasvæðis. Golfskálinn stýrir hinsvegar lokaholunum. Núnda hola er góð golfhola, án þess þó að vera frábær. Hraunið hefur ekki áhrif eftir teighöggið og síðari hluti holunnar ber meira yfirbragð þess að vera manngerður en aðrar holur í Hrauninu. Tjörnin og hólarnir sem skýla bílastæðunum eru augljóslega manngerð, í umhverfi sem að öðru leyti er náttúrulegt.

Núverandi 18. hola hefur sterka eiginleika með góðri flöt, en teighöggið er ekki vel afmarkað, þ.e. í slakkanum frá háhæðinni án nokkurs sjálfsagðs miðunarpunkts. Mjög góðar golfholur þurfa að hafa afgerandi teighögg og þurfa að þvinga kylfinga til að hugsa frá teig til flatar. Núverandi 18. hola býður ekki upp á það og erfitt er að sjá hvernig slíkt verður bætt nema með umfangsmiklum jarðvegsflutningum. Flötin er hinsvegar mjög góð og erfið að slá inn á.

12. hola er hinn möguleikinn fyrir nýja lokaholu og hluti núverandi áætlana gerir ráð fyrir að flytja flötina aftar, að æfingaflötinni, til að lengja holuna. Ekki er hægt að flytja teiginn vegna 17. holunnar. Að byggja upp nýja flöt á þessum stað yrði mjög krefjandi verkefni og líklega afskaplega dýrt, því til þess þyrfti mikla jarðvegsflutninga auk þess sem endurskipuleggja þyrfti stíga. 10. hola er nærri þessu svæði og niðurstaðan yrði mikil þrengsli, án þess að til yrði mjög afgerandi golfhola. Annarra lausna er því þörf.

Stærsta hindrunin á 17. holu felst í miklum halla flatarinnar. Á vindasömum degi, þegar hraði flatarinnar er sem mestur, getur þessi halli valdið miklum vandamálum. Glompurnar eru afgerandi, en með blindu teighöggi er erfitt að lýsa 17. holunni sem góðri keppnisholu.

Æfingaaðstaða er mjög góð fyrir keppnisvöll, með þeim fyrirvara að boltar eiga til að hafna á 10. flötinni.

TILLAGA AÐ FYRIRKOMULAGI HVALEYRARINNAR

Þessi hluti strandlengjunnar var ekki nýttur í núverandi áætlunum. Hugsanlega voru teikningarnar gerðar áður en strandlengjan var styrkt, en þetta er mjög gott svæði sem verður að nýta og tillögur okkar gera ráð fyrir að nýta það fyrir þar 3 17. holu.



Að missa 10. holuna er ekki draumaniðurstaða, en sameinuð 10. og 11. hola myndar frábæra þar 5 holu og sem 16. holan er það mikilvæg viðbót við lokahluta vallarins.



Að öllu samanlögðu er endurbætt 12. hola betri sem 18. hola þar sem teighöggð verður mun meira afgerandi.

TILLAGA AÐ FYRIRKOMULAGI HVALEYRARINNAR

Áherslan við skipulagningu Hvaleyrarinnar er að hafa lokahlutann sem allra bestan. Kjarninn í því er að hafa eins margar holur og kostur er við ströndina á síðasta hluta vallarins. Lokaholan, hvort sem það yrði 12. eða 18., verður fjær ströndinni þannig að næstu holur á undan eru þær mikilvægu. Tilgangur heimsóknarinnar var að skoða hvort hægt væri að endurbæta þessar lokaholur.

Annar mikilvægur þáttur er að nýta sem best það landsvæði sem er fyrir hendi, en virða jafnframt þær holur sem fyrir eru eins og kostur er. Strandlengjan er auðvitað besta svæðið, svo áskorunin felst í því að nýta hana sem best. Veikleiki núverandi áætlana er að þær sóa hluta af landinu við sjávarbakkana.

Hlutverk golfvallahönnuða felst m.a. í að horfa sjálfstætt á velli og vega og meta möguleika sem margir klúbbfélagar álíta út í hött. Stundum leiðir það að „huga hið óhugsanlega“ til lausna sem raunverulega virka. Verkefnið snýst þá um að sannfæra klúbbfélaga um að t.d. tap á vinsælli holu sé þess virði. Í tilfalli Keilis er það


nákvæmlega staðan. Tvær erfiðar ákvarðanir felast annarsvegar í að fella út 10. holuna og leika frá 10. teig á 11. flöt, og hinsvegar að endurskipuleggja 17. holuna þannig að hún verði leikin á 13. flötina, m.a. til að losna við blint teighögg.

Tilgangurinn með þessu er að skapa rými fyrir nýja stórkostlega 17. holu á enda Hvaleyrarinnar, milli núverandi 11. og 16. flatar. Holan mun öll liggja meðfram sjónum og verður frábær þar 3 hola á frábærum tímamarki í golfhringnum. Þetta er mögulegt vegna þess að núverandi 17. holu er breytt þannig að hún verður leikin til vinstri við hólinn, svo að teighöggð verður sýnilegt áður en leikið er á 13. flötina. Þetta gefur einnig kost á að lengja 12. holuna, því 17. brautin er ekki lengur í notkun, og gera hana að 18. holu. Teighöggð verður meira til hliðar og ásýndin frá teignum verður mun sterkari. Flötin er flutt til vinstri og verður sýnileg í flestum teighöggum. Ekki er þörf á að flytja flötina nær golfskálanum, þannig að æfingaflötin getur verið óbreytt.



Golfklúbburinn Keilir

Endursko a ar tillögur um Hvaleyrina




Card of the Course		
Hole	Yellow	White
1	478	516
2	318	343
3	250	259
4	139	154
5	359	411
6	128	139
7	424	466
8	307	346
9	357	398
Out	2760	3032
10	270	290
11	380	415
12	150	175
13	440	455
14	340	350
15	390	420
16	480	540
17	150	185
18	400	440
In	3000	3270
Out	2760	3032
Totals	5760	6302

MACKENZIE & EBERT
INTERNATIONAL GOLF COURSE ARCHITECTS

MACKENZIE & EBERT, 100 NORTHGATE, CHICHESTER, WEST SUSSEX, PO19 1SE, ENGLAND - TEL: +44 (0) 1243 531901
EMAIL: PITCHANDPLANT@MACKENZIEEBERT.COM - WEBSITE: WWW.MACKENZIEEBERT.COM

November 2013



TILLAGA AÐ SKIPULAGI FYRIR HVALEYRINA

Þetta skipulag á 16., 17. og 18. felur í sér að holunum er endurraðað frá fyrra skipulagi þar sem 10. holan verður stutta þar 4 holan sem nú er unnið að, meðfram Miklaholti. Við gerum okkur grein fyrir að þetta slítur meira í sundur 1. og 10. teig og gerir stýringu á teigunum erfiðari, en á hinn bóginn leiðir það kylfinga framhjá golfskálanum og kann að auka veltu í skálanum milli fyrri og seinni hluta golfhringsins. 11. til 13. hola eru þær sem áður áttu að vera 14. til 16. og þessar holur mynda Keilis-útgáfuna af „Amen Corner“, nema að hér er sjórinn í leik í stað Ray's Creek.

Nákvæmari útlistun á þessum holum er aftar í þessu skjali, en þar 3 holan, sú 12., verður lengd til að skapa jafnvægi milli þar 3 holanna. Þar 5 holunni. þeirri 13., verður breytt þannig að landingarsvæði upphafshögga verður víkkað til að hvetja til áhættusamari teighögga. Ströndin verður lækkuð nærri flötinni þannig að sjávarbakkinn nái að flatarkantinum hægra megin. Grjótvörnin breytist ekki, þannig að þetta snýst um að grafa kantinn niður svo að svæðið hægra megin við flötina verði torfæra, sem leiðir til þess að innáhöggð á flötina verður afmarkaðra. Færa mætti flötina aðeins aftar, en ströndin verður minna sýnileg eftir því sem flötin fer aftar. Betra er að gera innáhögg í tveimur höggum gerlegt og freista kylfinga til að reyna það. Hanna ætti flötina þannig að ef kylfingar missa innáhöggð til vinstri muni þeir eiga mjög erfitt vipp inn á flötina, sem refsingu fyrir að forðast ströndina.

14. holan er lykillinn að þessu skipulagi. Um er að ræða endurgerða 17. holuna, en leikið er frá vinstri til hægri í stað hægri til vinstri. Teighöggð er aðeins upp í móti, en landingarsvæðið er að fullu sýnilegt og mun virka vel með rétt staðsettum glompum. Innáhöggð er á núverandi 13. flöt og er flötin fullkomlega löguð fyrir innáhögg úr þessari átt. Glompur fyrir innáhögg og umhverfi flatarinnar má endurgera í anda þess sem er á núverandi 17. holu.

Núverandi 18. hola verður sú 15. og markar upphaf að mjög sterkum lokaholum.

Að missa núverandi 10. holu til að mynda nýja þar 5 16. holu er augljóslega neikvætt, en er réttlætjanlegt því nýja holan nýtir á besta hátt þennan hluta strandarinnar. Núverandi 11. hola er falleg hola, en flestir myndu viðurkenna að

hún er í styttra lagi og að flötin henti vel fyrir þar 5 holu. 16. holan er mjög falleg útsýnishola.

Nýja, þar 3, 17. holan gerir meira en að koma í stað 10. holunnar, með ströndina meðfram henni allri vinstra megin. Grjótvörnin hefur gert ströndina stöðuga þannig að lagt er til að grafa inn í kantinn til að flötin standi úti á brún, með fjöruna á þrjár hliðar. Efnid er hægt að nýta til að stækka hólinn og gera hann þannig að enn betri útsýnisstað. Á venjulegum degi yrði holan leikin 140 metra löng, en hægt yrði að lengja hana í 185 metra fyrir stórmót. Byggja þyrfti þann teig upp svo að flötin yrði öll sýnileg af teignum.

Nokkur ganga hefur alltaf verið frá 11. flöt að 12. teig og með þessari endurskoðuðu áætlun hefur ekki tekist að breyta því, þótt gangan sé nú frá 17. flötinni að 18. teig, u.þ.b. 130 metrar. Kylfingum verður vísað yfir hólinn, frá leik á 17. holunni, þannig að fyrirkomulagið ætti að virka vel, þótt það sé ekki það ákjósanlegasta.

18. holan verður löng þar 4 hola, með teighögg yfir dæld, á landingarsvæði sem er u.þ.b. þar sem brautarglompur eru í dag á 12. holu. Ný flöt verður þar sem teigar eru í dag fyrir 13. holu. Sú staðsetning verður sýnileg og hefur nægan halla til að skapa áhugaverða lokaflöt. Lagt er til að teighöggð verði gert skemmtilegra með því að mynda fleiri bratta kanta eins og eru þegar fyrir hendi á þessu svæði, auk þess að bæta við glompum. Kylfingar þurfi þannig að velja hvaða línu þeir vilji taka af teignum. Með þessu móti tekst að gera mjög góða lokaholu. Þessir möguleikar gera holuna ákjósanlega sem lokaholu.


Með þessu hefur Hvaleyrin fimm holur með ströndinni og fjórar holur inni á eyrinni. Með því að bæta við 16. holunni sem þar 5 verða seinni 9 holurnar þar 36. Lengdin verður 3.270 metrar sem lengir völlinn í heild sinni upp í allt að 6.300 m. Slík lengd er þó ekki talin mikil fyrir golfkeppnir í hæsta gæðaflokki nú til dags. Fjölbreytni í stefnu holanna er góð.

10. og 11. hola sameinast og mynda frábæra 16. holu, þar 5

Því miður þarf að leggja 10. holuna af, en í stað hennar kemur ný 17. hola, þar 3.

12. flötin færast og verður 18. flöt

Núverandi 18. hola verður sú 15. í þessu skipulagi



Nýrri strandholu er bætt við skipulagið. Hún mun verða frábær 17. hola, hvernig sem litið er á hana.

Núverandi 17. hola hverfur og nýir teigar fyrir 18. holu koma á brautina. Það myndar afgerandi teighögg og innáhögg á flöt sem er sýnileg af teig og braut.

Lagt er til að 14. holan verði ný útgáfa af núverandi 17. holu, þar sem leikið er á gömlu 13. flötina, sem hentar mjög vel til þess.

Landingarsvæði fyrir teighögginn er sýnilegt af teignum.

TILLAGA AÐ EINKENNUM HVALEYRARINNAR



Einkenni Hraunsins eru mjög sterk og einkenni Hvaleyrarinnar þurfa að verða jafnstærk.



Holurnar meðfram ströndinni verða alltaf með sterkum einkennum.



Flöt svæði og síður áhugavert umhverfi þarf að betrumbæta, til að gera góðar golfholur.



Grasivaxnar dældir má nota meira á holum sem vantar einkenni.



Klettar umluktir náttúrulegu villigrasi (fescue) eru einkenni sem má nýta.



Römmum holurnar inn með háu villigrasi, en tryggjum að leikleidir séu sanngjarnar.

TILLAGA AÐ EINKENNUM HVALEYRARINNAR

Styrkleiki Hraunsins er að einkenni þess eru mjög sterk frá 1. til 9. holu. Holurnar eru allar góðar, en upplifunin er enn betri vegna þess að samræmi er á milli holanna og í umhverfinu. Bæta þarf úr þessu á Hvaleyrinni. Holurnar sem liggja með ströndinni verða alltaf eftirminnilegar og góðar golfholur, en holurnar sem liggja inni í landinu eru síður áhugaverðar. Með tilliti til styrkleika Hraunsins og sjávarholanna er hætta á að yfirbragð vallarins í heild sinni verði lakara fyrir vikið.

Þetta er ein ástæða þess að lögð var áhersla á að bæta við nýrri sjávarholu. Tillaga okkar innifelur 11., 12., 13., 16. og 17. meðfram ströndinni, þannig að fjórar holur verða inni á Hvaleyrinni, 10., 14., 15. og 18. Útfæra þarf þessar holur þannig að þær verði eins góðar og mögulegt er, en yfirbragð landslagsins þarf að vera svipað og á hinum holunum.

Ekki er raunsætt að endurmóta mjög stór svæði á vellinum, bæði vegna kostnaðar og þeirrar truflunar sem slíkt myndi valda. Því er lagt til að móta í staðinn fleiri bratta kanta eins og nú eru á milli 11. og 12. holu. Þeir mynduðust þegar grafinn var út sandur og á sumum stöðum er hægt að grafa út sand á sama hátt og nýta sandinn annarsstaðar. Á öðrum svæðum er hægt að mynda slíka kanta með uppbyggingu, til að gefa svæðunum sterkara yfirbragð, auk þess sem glompur yrðu útbúnar.

Grjót er einnig hægt að nota, t.d. með því að útbúa hóla með grjóti sem umluktir eru háu villigrasi, til að afmarka leiklínur og hugsanlega sem bakgrunn fyrir glompur.

Síðasti þátturinn er að nýta viðbótar svæði sem verða til á milli hola til að rækta háan villigraskarga sem rammi holurnar inn og undirstriki þannig aðra nýja eiginleika. Markmiðið er ekki að holurnar verði miklu erfðari en þær eru í dag, heldur að hafa kargann í jöðrum þar sem eingöngu slæm högg lenda.

LÝSING Á EINSTÖKUM HOLUM

Eftirfarandi lýsingum er ætlað að gefa betri mynd af eiginleikum hönnunarinnar. Holurnar hafa ekki verið hannaðar til fulls og frekari vinnu er þörf til að ljúka hönnuninni. Vonandi geta þessar myndir þó gefið hugmynd um hvert hönnunin stefnir.

Lýsingarnar hefjast á 18. holu og fara þaðan afturábak, vegna þess að stór hluti skipulagsvinnunnar fólst í að útbúa sem bestar lokaholur og það er sá hluti þar sem flestar breytingar eru frá núverandi skipulagi.

Röðun holanna er hægt að breyta. Okkar tillögur felast í þeirri röðun sem hér er lýst, en ef rekstraraðstæður krefjast þess að núverandi 10. hola verði áfram sú 10. myndi skipulagið ganga upp með 16. til 18. sem 10. til 12. og síðan 10. til 15. sem 13. til 18. Ástæða þess að við leggjum það ekki til er að með þeirri röðun yrðu lokaholurnar tvær ekki jafn sterkar. Jafnvel er 16. holan sem lögð er til (sameinaðar 10. og 11.) betri þar 5 hola en 16. holan í núverandi skipulagi. Á margan hátt er röðun holanna ekki aðalatriðið. Verkefnið snýst um að nýta landið sem best.

18. HOLA



18. HOLA

18. holan í tillögunni er breytt útgáfa af 12. holu. Hún er leikin af 17. brautinni með teighöggð skekkt til vinstri. Af öftustu teigum er leikið yfir lægdina upp á bakkana. Lendingarsvæðið er u.þ.b. þar sem brautarglompur eru í dag við 12. braut. Innáhögg verður því niður í móti á nýja flöt sem staðsett verður á núverandi 13. teigum, flöt sem er sýnileg af brautinni.

Teighöggð verður bætt með því að endurgera bratta kanta og bakka þar sem sandur var áður grafinn út og að staðsetja glompur í þeim. Hugmyndin er að útbúa röð af slíkum köntum á ská með brautinni þannig að kylfingar þurfi að ákveða hversu mikið þeir þori að skera af beygjunni. Virkilega góðar golfholur krefjast þess af kylfingum að þeir hugsi frá teig að flöt, en geti ekki bara látið vaða.

Á þessari holu verða tvær eða þrjár glompur byggðar inn í bakkana, auk þess sem bakkarnir munu mynda góðar hindranir. Kylfingar geta leikið til hliðar við bakkana, en við það lengist brautin. Stefna teiganna gerir að verkum að mun minna flug þarf af fremri teigum auk þess sem auðveldara verður að meta fjarlægðirnar.

Gott teighögg af hvaða teig sem er ætti að gera flötina sýnilega frá landingarsvæðinu. Staðsetning flatarinnar er til vinstri við núverandi flöt, á 13. teigunum sem myndu leggjast af. Þetta er góð staðsetning vegna þess að flötin verður sýnilegri og vegna þess að form landsins hentar vel til að útbúa flötina, hugsanlega með stórum aflíðandi svæðum frá flötinni. Mikilvægt er að þessi flöt verði með önnur einkenni en núverandi 18. flöt sem verður flöt á nýrri 15. holu. Báðar holurnar eru leiknar í sömu átt, með sama bakgrunn og því þarf að tryggja að flatirnar verði ólíkar. Slíkt er ekki vandamál.

Þetta verður góð lokahola og verður vissulega krefjandi þar 4 hola af öftustu teigum, með mestu lengd 440 metra. Skoðað var að flytja flötina aftar, en slíkt myndi kalla á mikla jarðvegsflutninga og endurgerð stíga, auk þess sem holan yrði þá of löng þaðan sem lagt er til að teigar verði staðsettir.

18. HOLA



18. HOLA



Skásett upphafshöggjð á nýrri 18. holu með djúpum dældum og glompum sem gera upphafshöggjð krefjandi

HUGMYND AÐ ÁSÝND

17. HOLA



ÁSÝND ÁÐUR

17. HOLA

Stærsti ávinningurinn af þessari tillögu er að nýrri holu er bætt við strandlengjuna og, með endurröðun, verður hún að frábærri 17. holu. Áður en strandlengjan var gerð stöðug hefði þetta ekki verið mögulegt, en nú er þetta tækifæri sem þarf að nýta. Þessi „viðbótar“strönd var nýtt af 17. teigum í fyrri tillögum, en með nýrri 14. holu hinum megin við hæðina á núverandi 13. flöt losnar um þetta svæði.

Þessi hola hefur allar forsendur til að verða ein af stórkostlegum 17. holum í golfi - betri en Pebble Beach - og á vindasömum degi yrði hún mjög strembin af öftustu teigum. Hægt er að teygja hana í 185 metra af öftustu teigum, en klúbbteigar yrðu nær 120 - 140 metrum og þannig mun viðráðanlegri.

Grjótvörnin ætti að stöðva eyðingu klettanna og því er lagt til að laust efni verði grafið út á stærstum hluta þar sem boltinn flýgur að flötinni, svo að kyllingar fái þá tilfinningu að flötin liggi úti á tanga, með kletta framan og aftan

við flötina og sjóinn á vinstri hlið. Efnið sem yrði fjarlægt er hægt að nýta til að lengja hæðina til hægri og mynda þannig mjög góðan útsýnisstað í stórmótum.

Eini ókosturinn við þetta fyrirkomulag er gangan til baka að 18. teigum frá 17. flötinni. Þetta er álíka langt og gangan frá núverandi 11. flöt að 12. teig, en það hefði verið gott að losna við hana. Þó er jákvætt að gönguleiðin að teigunum verður alltaf frá 17. holunni, þannig að þegar kyllingar fara af flötinni geta þeir sem eru á teig strax leikið.

Hér er um að ræða umtalsverða breytingu á skipulagi og ákvörðunin er ekki auðveld. Rökin fyrir því að útbúa viðbótarholu við ströndina, sérstaklega þegar um 17. holu er að ræða, eru þó mjög sterk. Að tapa 10. holunni og endurgera þá 17. er förnarkostnaðurinn. Þetta nýtir á besta hátt það landsvæði sem klúbburinn hefur yfir að ráða.

17. HOLA



HUGMYND AÐ ÁSÝND

Flötin liggur samhliða sjónum og jarðvegur er grafinn út upp að flötinni til að mynda frábæra 17. holu. Höggstyttri kylfingar geta áfram slegið hægra megin á brautina.

16. HOLA



16. HOLA

Að vinna við velli sem þegar eru í notkun felur stundum í sér að taka þarf erfiðar ákvarðanir. Tillagan um að leggja af 10. holuna er af því tagi. Eins og allir vita er þetta góð golfhola, en hún þarf að hverfa til að koma megi nýrri 17. holu fyrir. Með því að sameina 10. og 11. holu verður til frábær þar 5 hola sem verður mjög góð viðbót við Hraunið og lokaholurnar.

Breikka þarf svæðið nærri núverandi 11. teigum, en talið er þarna sé góður sandur sem nýta megi annarsstaðar í endurbyggingu Hvaleyrarinnar. Allt grjót sem þarna er má staðsetja í brekkunni til að gefa fallegri ásýnd af teigunum.

Brotthvarf 10. flatarinnar skapar æfingasvæðinu aukið rými, sem er kostur. Auk þess verður hægt að fjarlægja hluta af stígnum sem eru ekki mjög aðlaðandi.

Teigarnir munu halda sér, þótt flytja þurfi fremsta teiginn til vinstri svo kylfingar sjái fyrir hornið. Teigurinn yrði þar sem nú er flötur með smásteinum. Upphafshögg munu hafna nærri 11. teigunum, eða litlu frammar, svo að högglangir kylfingar munu þurfa að ákveða hvort þeir reyni að slá yfir hornið á brautinni í öðru höggi. Þetta verður raunveruleg þriggja högga þar 5 hola með möguleikum á að fá fugla og vinna högg.

Flötin hentar mjög vel fyrir holu af þessu tagi og ekkert þarf að eiga við hana.

Í stórmótum er þetta fullkomin hola fyrir áhorfendur og dramatísk högg.

16. HOLA



Tillagan að 16. holu, par 5, innifelur allt sem er gott við núverandi 11. holu.
Þó væri hugsanlega hægt að styrkja hana með sýnilegri glompum.

15. HOLA



15. HOLA

Sú hugsun að gera þessa holu að 15., en ekki 18., ræðst af þeirri áherslu að hafa eins kröftugar lokaholur og mögulegt er fyrir keppnisgolf. Hægt væri að endurraða holunum fyrir daglegan golfleik, þannig að þessi hola verði áfram sú 18., en slíkt er útfærsluatriði.

Flatneskjan á fyrri hluta holunnar gerir það að verkum að erfitt er að afmarka hana vel með glompum, en hægt er að betrubæta hana þannig að kylfingar séu verðlaunaðir fyrir rétta staðsetningu upphafshögga og skynsasmlega hugsun í golfleiknum.

Flötin, með grjótið vinstra megin og djúpar glompur hægra megin, er mjög góð og landslagið í flötinni gerir hana sömuleiðis erfiða. Flötin er því mjög góð til að hefja lokahluta golfhringsins.

15. HOLA



Aðkoma að flötinni er mjög góð.
Veikleiki holunnar er að upphafshögginn eru illa afmörkuð, en erfitt er að bæta úr því.

14. HOLA



Miðja brautarinnar er í stefnu á flaggstöngina.

Í öllum tilfellum þarf að flytja salernið, hvaða útfærsla sem verður ofan á.

Lendingarsvæðið er sýnilegt frá nýjum teigum.

14. HOLA

Stundum er eina leiðin til að útfæra gott skipulag golfvallar að fórna holu sem mörgum líkar vel við og vildu að héldi sér í nýju skipulagi. Þetta á hugsanlega við um að leggja niður 17. holuna. Tillaga að nýrri 14. holu kemur í raun í stað þeirrar 17., þannig að reynt hefur verið að halda í eins mörg einkenna hennar og hægt er. Þó var ekki talið að blint teighöggið á 17. holu væri eftirsóknarvert í nýju skipulagi. Ávallt er betra að hafa landingarsvæði sýnileg.

Missir 17. brautarinnar er nauðsynlegur hluti nýrrar tillögu og eina leiðin til að nálgast núverandi flöt, ef hún ætti að halda sér, væri frá vinstri hlið. Flötin hentar hinsvegar ekki fyrir innáhögg úr þeirri átt og er nú þegar á mörkum þess að vera með of mikinn halla. Brotthvarf 13. holunnar úr skipulaginu gefur kost á að nýta 13. flötina og hún er upplögð til leiks úr hinni áttinni. Jafnvel má ímynda sér að hún hafi verið hönnuð til leiks úr þeirri átt í einhverju gömlu skipulagi. Að leika á flötina úr þessari átt er jafnvel betra en að leika á 17. flötina þar sem flötin hefur meira landslag, þrátt fyrir mikinn halla og að vera krefjandi.

Ætlunin er að staðsetja teiga á sjávarkantinum milli 15. og 16. flatanna. Upphafshögg verða því leikin í átt að flaggstönginni með landingarsvæði nærri staka steininum milli flaggstangarinnar og salernisins. Teighöggið er upp í móti, en brautin er sýnileg og með nýjum brautarglompum verður þetta góð hola m.t.t. upphafshögga.

Með þessu hefur verið reynt að halda í bestu þætti núverandi 17. holu, en takast um leið á við veikleikana. Þetta verður góð golfhola, án þess þó að vera frábær.

14. HOLA

Miðja brautarinnar er u.þ.b. þar sem staka grjótið er og þaðan er innáhöggið lítillega upp í móti.

Hætt verður að nota núverandi 17. flöt til að skapa rými fyrir nýja par 3 holu (17.) og til að gefa kost á sterkri lokaholu.

Lendingarsvæði teighögga eru sýnileg frá teignum. Salernið verður flutt og hugsanlega þarf að færa staka grjótið af brautinni.

Nýja holan er leikin á 13. flötina, sem hentar mjög vel til leiks úr þessari átt. Flötin er erfið og með svipaða eiginleika og 17. flötin sem hætt verður að nota.

Horft til baka frá flöt að landingarsvæði.

14. HOLA



14. HOLA



HUGMYND AÐ ÁSÝND

Einkenni innáhögga á núverandi 17. holu eru endurgerð í innáhöggum á 13. flötina. 13. flötin hentar mjög vel til leiks úr þessari átt og stendur mjög vel undir nafni til að koma í stað núverandi flatar.

13. HOLA



Þessi glompa þrengir brautina of mikið og fælir kylfinga frá áhættusömum teighöggum.

13. HOLA

Þessi holu þarf að betrumbæta. Holan er þar 5, 455 metrar og því mögulegt að slá inn á flöt í tveimur höggum. Holan ætti að vera sett upp þannig að högglangri kylfinga sé freistað að reyna við flötina í 2. höggi. Brautarglompur fyrir upphafshögg hafa sett sterkan svip á holuna, en glompan fjærst teigum þrengir of mikið að lendingarsvæðinu. Færa þarf þá glompu aftar til að hvetja til áhættumeiri teighögga. Glompuna þarf að færa u.þ.b. 10 metra til vinstri til að mynda lendingarsvæði sem er nógu breitt til að gera teighögg með driver fýsilegra. Ef lendingarsvæðið er gert of breitt munu allir nota driver. Bestu þar 5 holurnar neyða kylfinga til að taka afdrifaríkar ákvarðanir frá teig til flatar og þær eru ekki alltaf leiknar á sama hátt.

Staðsetning flatarinnar var íhuguð gaumgæfilega í heimsókninni. Hægt væri að færa hana aftar og lengja þannig brautina um nokkra metra, en land er þar hærra og ströndin beygir þar til vinstri. Til að holan virki sem best er mikilvægt að kylfingum finnist flötin liggja við ströndina. Skoðað var að færa flötina til hægri, jafnvel út í grjótið, en því myndu fylgja umtalsverð tæknileg vandamál. Að öllu samanlögðu er betra að hafa flötina þar sem hún er, en

að endurmóta kantinn við fjöruna þannig hann komi alveg upp að flötinni hægra megin. Með því móti verður aðkoman að flötinni miklu hættulegri, því boltar sem fara út af flötinni munu hafna í grjótinu. Kylfingar munu þurfa að hugsa sig vandlega um áður en þeir reyna við flötina af löngu færi.


Hægt verður að nota flötina áfram í einhvern tíma, en síðar þarf að endurgera hana vegna efnisins sem hún er byggð á. Sú vinna er ekki áriðandi og holan mun virka ágætlega með núverandi flöt. Þegar flötin verður endurgerð ætti að móta meiri halla niður til hægri, til að verðlauna kylfinga sem slá annað högg sitt hægra megin. Þó þarf að gæta að því að flötin taki vel við löngum innáhöggum.

Gaumgæfa þarf betur staðsetningu glompa m.t.t. annars höggs. T.d. mætti útfæra tvær eða þrjár leiðir að flötinni, með glompum sem væru staðsettar miðsvæðis. Nákvæma staðsetningu þarf að hugsa í samhengi við nýja staðsetningu glompunnar fyrir teighögginn og endurmótun fjörुकantsins, því allt hangir þetta saman.

13. HOLA



Lykillinn að því að gera þessa holu eins góða og mögulegt er felst í að koma ströndinni sem mest í leik við flötina. Betra er að hafa flötina á núverandi stað, en endurmóta kantinn við ströndina, fyrst það er hægt með tilkomu grjótvarnarinnar.



Glompan næst flötinni þrengir brautina of mikið og hana þarf að færa aftur til að freista fleiri kylfinga til að taka driver á teig.

13. HOLA



13. HOLA



HUGMYND AÐ ÁSÝND

Flötin er á sama stað, en grafið er úr kantinum frá fjörunni að flötinni, til að koma torfærunni virkilega í leik.
Einnig gæti komið vel út að fjölga brautarglompum svo það verði meira krefjandi að leggja upp.

12. HOLA



ÁSÝND ÁÐUR

12. HOLA

Lagt er til að 12. holan verði nýja par 3 holan sem átti að vera sú 15. í fyrra skipulagi. Þessi hola er mjög góð viðbót, hvar sem henni er bætt inn í golfhringinn.

11. flötin þarf að vera nógu fjarri fjörunni til að hægt sé að bæta við öftustu teigum fyrir 12. holuna. Mikilvægt er að hafa eins mikinn sveigjanleika í lengd stuttra hola og mögulegt er og þessa holu er hægt að lengja í yfir 200 metra. Slíkur teigur yrði ekki mikið notaður og jafnvel í keppni bestu kylfinga yrði hann ekki notaður á vindasömum degi, en skapa þarf pláss til að tryggja að kylfingar noti mjög ólíkar kylfur á par 3 holunum. Þar að auki eru par 3 holurnar nærri því einu tilvikin sem högglangstu kylfingarnir þurfa að nota löng járn til að slá inn á flöt í réttum höggafjölda. Aðalteigurinn yrði notaður í daglegum golfleik.

Flötin er vel hönnuð og hún er sanngjarnt skotmark á krefjandi holu.

Flatneskja teigsins aftan við flötina var rædd. Auðvelt ætti að vera að brjóta upp þessar beinu línur með samblandi af lágum hólum og stóru grjóti.

Þetta er golfhola í hæsta gæðaflokki.

12TH HOLE



HUGMYND AÐ ÁSÝND

Lágir hólar og grjót geta brotið upp áberandi bakgrunninn þegar horft er frá teignum.

11. HOLA



Ásýndin frá teignum er mjög góð og gefur betri aðkomu að flötinni fyrir afreksgolf.



11. HOLA

Þessi hola hefur alla möguleika á að bjóða upp á dramatík, þótt strandstígurinn veki vissan ugg því hann er í leik alla holuna. Teighöggið er kannski ekki svo varasamt því teigurinn liggur hátt og gangandi fólk verður vel sýnilegt. Hinsvegar er betra að færa flötina fjær fjörunni (og göngustígnum) þar sem sjórinn yrði hvort eð er alltaf fjarri flötinni, með göngustíginn á milli.

Því er lagt til að færa flötina frá fjörunni og göngustígnum og að hanna flötina þannig að kylfingum yrði umbunað fyrir að slá teighöggið sem næst fjörunni. Þetta verður gert með því að útbúa hól framan við og vinstra megin við flötina sem byrgir sýn á flötina frá vinstri á brautinni. Kylfingar sem slá yfir fjöruna og halda sig hægra megin munu eiga mun þægilegra högg inn á flötina.

Einnig er lagt til að flötin nái ekki að fjörunni aftan við brautina svo hægt verði að lengja 12. holuna fyrir

keppnisgolf og hafa þannig meiri fjölbreytileika í lengd þar 3 holanna.

Í heimsókninni var lengd holunnar rædd. Lykilatriðið er að tryggja að flestir kylfingar vilji nota driver á teig, frekar en að þeir eigi auðvelt innáhögg með styttri kylfum af teig. Fyrir flesta kylfinga ætti að vera nóg að hafa holuna 330 - 360 metra langa, en fyrir bestu kylfingana þarf að vera hægt að lengja holuna í 415 metra eða jafnvel meira. Nægt pláss er fyrir nokkra litla teiga aftan við 10. flötina.

Hægt er að koma fyrir mjög góðum teigum milli 10. flatarinnar og vegarins, þar sem stefna teighöggsins er betri og jörðin liggur herra. Vandamálið er að teighöggið skarast þá á við flötina og slíkt myndi tefja leik lítilega. Slíka lausn ætti þó ekki að útiloka.

11. HOLA



Best er að staðsetja 11. flötina fjarri ströndinni vegna stígsins og þeirrar staðreyndar að það er hvort eð er erfitt að gera sjóinn sýnilegan frá brautinni. Þá ætti flötin ekki að ná alveg að ströndinni aftan við holuna svo að nægt rými sé til að lengja næstu holu ef þörf krefur.

10. HOLA



10. HOLA

10. holan er nýja þar 4 holan sem nú er unnið að. Þetta verður óvenjuleg hola og útsýnið er einkenni sem þarf að nýta. Hvetja ætti kylfinga til að slá upphafshögginn nógu langt til vinstri svo þeir hafi sýn á flötina. Þeir sem gera það ekki munu standa frammi fyrir blindu innáhöggi í niðurrhalla, höggi sem mjög erfitt verður að meta. Því þarf að hanna brautina þannig að lengri leiðin til vinstri verði nógu breið og aðlaðandi til að kylfingar vilji slá þangað. Einnig þarf að móta brautina þannig að upphafshögginn lendi ekki öll á litlu svæði, sem yrði fullt af boltaförum og með slitnum grassverði.


Grunnatriði flatarinnar virðast í lagi, en mjög mikilvægt er að hafa kost á mörgum ólíkum holustaðsetningum og að þútt á milli þeirra verði erfð, en þó ekki útilokuð. Kylfingar ættu að geta hitt á rétt svæði á stórra flöt eins og þessari, til að fá auðvelt þar. Ef innáhögginn hafna langt frá holunni ætti tvíþútt að vera virkilega erfitt. Þessu markmiði er hægt að ná með því að útbúa fleiri axlir og dældir í þeirri grunnhönnun sem þegar er til staðar. Erfitt er að lýsa vinnu af þessu tagi í texta. Sem næsta skref er best mæla svæðið upp og að við gerum nákvæmar

vinnuteikningar sem vélamaður getur síðan fylgt. Aðkoma okkar þarf líka að felast í því að samþykkja grunn flatarinnar og síðan lokaform hennar áður en sáð er í hana. Lítilsháttar aðlaganir geta breytt mjög miklu og sumar flatir á Íslandi hafa þegar liðið fyrir það að slík úttekt fór ekki fram.

Styrkja þarf umhverfi flatarinnar með því að bæta við tveimur glompum framan við og vinstra megin við flötina til að verja breiðan fremri hluta flatarinnar. Hægra megin að framan þarf einnig að gera flötina meira afgerandi. Þá mætti hugleiða að bæta við pottglompu vinstra megin við flötina, miðja vegu, til að brjóta upp vinstri hlið flatarinnar. Hægt væri að staðsetja glompuna rétt aftan við lægsta punkt á flötinni og þar myndi hún verja mjóan aftari hlutann auk þess að gefa kost á virkilega erfiðum holustaðsetningum.

Þónokkur vinna er eftir til að ganga rétt frá þessari holu. Frekari hönnunar er líka þörf áður en slík vinna er kláruð.

10. HOLA



Verja aftari hluta flatarinnar með djúpri glompu vinstra megin.



Verja fremri hluta flatarinnar vinstra megin með djúpum glompum.

ÚTFÆRSLA



Hægt er að nota núverandi 16. flöt á meðan ný 13. flöt er útbúin í 1. áfanga.



Ný 13. flöt og endurgerð 13. braut eru unnar í 1. áfanga

2. áfangi felur í sér að víkka út þrönga hornið sem er nærri núverandi 11. teigum.

ÚTFÆRSLA

Þessi tillaga er aðeins metnaðarfullri en fyrra skipulag. Hægt er að útfæra hana á lítilliga lengri tíma, en þó þannig að góður 18 holu völlum verði í leik allan tímann. Slíkt er algjörlega nauðsynlegt á velli sem er jafn ásetinn og Hvaleyrarvöllur.

Hið góða í tillögunum er að áfangaskipting yrði svipuð og í fyrra skipulagi, þar sem ný 10. hola og ný 11. hola yrðu settar fyrstar í leik. Við það er hægt að leggja af núverandi 14. holu og svæðið fyrir nýja 14. braut, ásamt svæðinu fyrir nýja 13. flöt og aðkomu að henni. Núverandi 16. flöt er notuð sem flöt fyrir þar 5 holuna á meðan unnið er að þessu.

Þegar þessi svæði eru tilbúin tekur næsti áfangi við þar sem unnið er að 18. holunni, teigum, braut og flöt, samhliða því að breikka hálsinn á nýrri **16.** braut, við hlið núverandi 11. teiga. Um leið mætti fjarlægja núverandi

10. flöt, þótt því mætti fresta þar til síðar.


Einu óþægindin myndu snúa að nýrri 18. flöt og núverandi 12. flöt. Hugsanlega verður ekki hægt að halda núverandi 12. flöt í leik á meðan unnið er að nýrri 18. flöt og umhverfi hennar. Þetta þýðir að útbúa þarf bráðabirgðaflöt fyrir 12. holu á meðan ný flöt er byggð og hún gerð leikhæf. Hægt væri að tyrfa nýju flötina með efni af gömlu flötinni til að stytta tímann, en slíkt væri ekki í samræmi við aðrar flatir í þessu verkefni, sem sáð verður í. E.tv. mætti vinna umhverfis 12. flötina og leyfa henni að vera í leik á meðan, en þetta þarf að skoða nánar.

Áfanga tvö má auðveldlega skipta í tvo hluta þar sem ný 17. flöt yrði byggð fyrst og 18. flötin síðar, en þetta er eitthvað sem þarf að vega og meta.

ÚTFÆRSLA



FYRSTI ÁFANGI - NÝJAR 13. OG 14. HOLUR



ANNAR ÁFANGI - NÝJAR 17. OG 18. HOLUR

SVEINSKOTSVÖLLUR



Sveinskotsvelli er ekki ætlað jafnstórt land með þessari tillögu, en fyrir því eru gildar ástæður.



Núverandi 14. flöt er góð viðbót við Sveinskotsvöll.



*Sveinskotsvelli er komið fyrir á „afgangs“landi
Góðar flatir eru lykillinn að því að gera Sveinskotsvöll vinsælan, ekki lengd.*

SVEINSKOTSVÖLLUR

Þessar tillögur skapa minna rými fyrir Sveinskotsvöll en fyrri áætlanir. Fyrir því er einföld ástæða. Hún er sú að Sveinskotsvöllur verður aldrei í sama gæðaflokki og seinni níu holurnar á Hvaleyrarvelli og að gera Sveinskotsvöll að þar 34 eða 35 mun engu breyta um hvernig hann verður notaður. Gæði hönnunar og útfærslu ásamt viðhaldi flatanna mun hvetja félagsmenn til að nota völlinn þegar Hvaleyrarvöllur er fullsetinn.


Hvernig sem lítið er á landið fyrir Sveinskotsvöll þá er það afgangssvæði. Kylfingar vita sínu viti og þeir sjá að þetta er ekki spennandi land. Eina leiðin til að skapa góðar golfholur án umfangsmikilla jarðvegsflutninga er að búa til góðar flatir sem eru skemmtilegar og krefjandi, hversu langar sem brautirnar eru.

Það er skiljanlegt að fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir að þyrma núverandi 16. holu, vissulega hefði verið ákjósanlegt að halda henni í nýju skipulagi. Á hinn bóginn mælum við sterklega með því að gæði Hvaleyrarvallarins verði

höfð í forgangi og að reyna síðan að nýta á sem bestan hátt það landsvæði sem verður eftir fyrir Sveinskotsvöll. Niðurstaða okkar er að það sé betra að búa til nýja strandholu og fórna núverandi 16. holu í skipulagi Sveinskotsvallar. Að Sveinskots-völlur fái minna rými þýðir ekki að hann verði endilega síður vinsæll.

Þá sýnir reynslan að rekstur lítilla valla gengur betur ef þeir eru ekki of langir og erfiðir fyrir byrjendur. Verkefnið felst í að standast kröfur „golfforeldra“. Ef þú ert þökkalegur kylfingur og börnin þín eru byrjendur, munt þú vilja taka kylfurnar þínar með þér þegar þú fylgir börnunum á Sveinskotsvöll? Völlurinn þarf að standast það próf ef félagsmenn eiga að vilja leika völlinn. Sú staðreynd að völlurinn er stuttur veldur því að hann spilast hraðar og því virðist það mjög rökrétt að hafa þarfir Hvaleyrarvallarins í forgangi.

NÆSTU SKREF - ÞÁTTTAKA MACKENZIE & EBERT



Skipulag nýrrar 7. flatar á Royal Lytham and St Annes gert að veruleika. Flötin var byggð skv. nákvæmum teikningum og lokadráttum var síðan bætt við á staðnum með kunnáttusömum vélamanni.



Vinna við mótun er í gangi.



Vaxtarskeið

NÆSTU SKREF - ÞÁTTTAKA MACKENZIE & EBERT

Með réttu er metnaður Keilismanna mikill og mikilvægt er að öll vinna á Hvaleyrinni verði af mestu mögulegu gæðum. Mackenzie & Ebert Ltd vilja ekki taka þátt í gerð flatanna nema þeim sé ætlað að útfæra nákvæmar teikningar og að þeir fái að yfirfara flatirnar eftir mótun og aftur fyrir sáningu. Fordast þarf fyrri mistök á Íslandi og víðar þar sem teikningum er ekki fylgt eða þær mistúlkaðar. Niðurstaðan er í sumum tilvikum mjög slæm og hefur það dregið úr trú manna á að hægt sé að endurbyggja eldri flatir. Þessvegna er þátttaka okkar háð því skilyrði að við tökum að okkur þessa þrjá verkþætti, til að tryggja að sem bestur árangur náist í fyrstu atrennu. Þetta kann að auka kostnað lítillega, en allra hluta vegna er betra að gera hlutina rétt í fyrstu tilraun.

Þátttaka Mackenzie & Ebert felst í að útfæra ítarlegar vinnuteikningar sem hægt er að fylgja nákvæmlega með GPS tækjum. Þetta krefst nákvæmra mælinga á öllum vinnusvæðunum. Tækni við landmælingar hefur breyst gífurlega á síðustu árum og í þessu verkefni myndi henta mjög vel að nota „drone surveying“. Þá eru notaðar litlar mannlausar flugvélar búnar GPS tækjum og myndavélum til að taka myndir í hárri upplausn og afla mjög nákvæmra

hæðarupplýsinga. Hugsanlega er hægt að finna íslenskt fyrirtæki sem býður upp á þessa þjónustu, en mikill sparnaður felst í að hafa mjög nákvæmar hæðarupplýsingar. Það gefur kost á vinna ítarlegar vinnuteikningar sem síðan er hægt að merkja út eftir GPS mælingum. Notast þarf við hefðbundnar mæliaðferðir ef tækni af þessu tagi er ekki tiltæk.

Endanleg mótun á flötum og glompum kallar að sjálfsögðu alltaf á aðkomu mannsins, því þau eru listaverk og mjög erfitt er að skila slíku af sér af nákvæmni á teikningum. Teikningarnar gera starfsmönnum kleift að ljúka 95% vinnunnar en lokadrættir eru síðan unnir á staðnum.

Frábærir golfvællir bera með sér að hugað hefur verið að smáatriðum og smáatriðunum er einungis hægt að ná réttum með því að gefa sér tíma til að huga að þeim.

MACKENZIE & EBERT

INTERNATIONAL GOLF COURSE ARCHITECTS

METRO HOUSE, NORTHGATE, CHICHESTER, WEST SUSSEX, PO19 1BE, ENGLAND - TEL: +44 (0) 1243 531901
EMAIL: PITCHANDRUN18@AOL.COM - WEBSITE: WWW.MACKENZIEANDEBERT.COM